

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1578**  
**komudagur 14.2.2013**

Reykjavík 14.02.2013

**Umsögn frá Hugarafli.**

Við hjá Hugarafli höfum kynnt okkur stjórnarfrumvarp nr.527. Við viljum gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

*Hugarafli er samstarfshópur notenda með geðraskanir og fagfólks með mikla reynslu af geðsviði. Hugarafli hefur undanfarin 10 ár m.a. beytt sér fyrir viðhorfsbreytingum á Íslandi í garð fólks með geðraskanir, nýtt reynslu hópsins til að hafa jákvæð áhrif á geðheilbrigðismál á Íslandi, stuðlað að minnkun fordóma og unnið að verkefnum sem efla þekkingu á bata og bjargráðum einstaklinga með geðraskanir. Hópurinn starfar í nánú samstarfi við Geðheilsu-eftirfylgd sem er geðheilsumiðstöð innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis. Hugarafli starfar samkvæmt valdeflingu sem byggir m.a. á sjálfsögðum mannréttindum og leiða til eflingar sjálfstrausts og sjálfsákvörðunarrettar.*

Athugasemdir:

Í 5.gr. breytingartillagna kemur fram að áréttuð er heimild dómara til að dæma sakhæfan einstakling til öryggisdvalar á geðdeild eftir afplánun í fangelsi, sem áður hefði verið dæmdur til annarrar refsivistar eftir fangelsisvist. Virðist okkur sem hér sé rýmkuð heimild dómara stórlega og okkar skoðun er sú að það geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Fyrst og fremst fyrir þann einstakling sem um ræðir sem missir þá mögulega af mikilvægri sérhæfðri meðferð, en einnig samfélagið. Gefin eru röng skilaboð til samfélagsins.

Dómarar eru tæplega sérhæfðir í því að meta hverjir eiga að vistast á geðdeildum og hverjir ekki. Okkur virðist að það gæti verið geðþóttaákvörðun og yrði vægast sagt mjög varasamt. Er verið að gera það að „eðlilegum“ hlut að loka einstaklinga inni á geðdeildum vegna alvarlegra vandamála og neyða þá til meðferðar sem í raun virkar ekki? Okkur virðist þetta vera tilhneyging í þá átt að „setja vandann til hliðar“ og gefa samfélaginu þau röngu skilaboð að með því að loka hann af á geðdeildum, séum við að leysa vandamálið en það er klárlega ekki gert á þennan hátt eins og sagan hefur sýnt okkur.

Nú um stundir hefur innlagnardögum á geðdeildum fækkað til muna og eru innlagnir alla jafna tvær vikur. Þar gefst einstaklingum með geðraskanir færi á að leita aðstoðar við bráðavanda, að vinda ofan af verstu veikindunum og undirbúa það sem við tekur eftir sjúkrahúsvist. Þá er í mörgum tilfellum hugað að eftirfylgd eða endurhæfingu sem annað hvort fer fram á endurhæfingardeildum spítalans eða í öðrum úrræðum samfélagsins utan sjúkrahúss.

Innlagnartíminn er oft afar viðkvæmur vegna alvarlegra veikinda og þörfin fyrir hjálp frá sérfræðingum er rík, þörf fyrir ró og hvíld í umhverfi sem styður og hvetur er það mikilvægasta. Á þessum tíma eru teknar mikilvægar ákvarðanir og bataferlið er að hefjast. Meðferðaraðilar og umhverfi geðdeildarinnar eru hér í lykilhlutverki. Það er alveg ljóst að álag á starfsfólki geðsviðs er mikið og sömuleiðis getur umhverfi geðdeilda oft verið býsna erilsamt og því er öll meðferð vandmeðfarin og mikilvægt að virðingar sé gætt í hvívetna.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er ætlast til að hægt sé að leggja inn sakhæfa einstaklinga á geðdeildir. Þeir einstaklingar eru að kljást við mikinn og flókinn vanda sem yfirleitt leysist ekki í meðferð og eiga oft á tíðum á ekki samleið með öðrum sem eru að taka sín fyrstu skref í áttina að bata. Einstaklingar sem mögulega þurfa öryggisgæslu, eru að kljást við alvarlegan fíknivanda,

Þroskaskerðingu, alvarlegar andfélagslegar persónuleikaraskanir svo fátt eitt sé nefnt, en taka ekki við meðferð á skömmum tíma og sumir alls ekki. Þessir einstaklingar þurfa önnur úrræði.

Geðdeildir geta ekki sinnt þessum hópi, geðdeildir geta ekki sinnt afplánun og eiga heldur ekki að gera það. Það er hvorki að finna mannafla né aðstæður á geðdeildum til þessa verkefnis og fer ekki saman með meðferð einstaklinga sem leita hjálpar vegna geðraskana.

Einstaklingar sem leggjast inn á geðdeildir eru að kljást við geðheilsuvanda og geðdeildir eru sérhæfðar til að sinna þeim hópi, ekki öðrum sem er ekki móttækilegur fyrir meðferð en þurfa aðra hjálp.

Hópurinn sem um ræðir þarf sérhæfðari þjónustu sem fer ekki saman við þjónustu geðdeilda, og það er að okkar mati verkefni annarra þmt. fangelsismálayfirvalda. Það er ljóst að fangelsin duga ekki til en önnur úrræði á vegum fangelsismálayfirvalda þurfa að koma til s.s. minni öryggisdeildir eða búsetuúrræði með öryggisgæslu.

Við hvetjum til þess að hætt verði við fyrirhugaðar breytingar á lögum þessum og gefinn betri tími til skoðunar og ákvarðanatöku. Hafa verður mannréttindi í fyrirrúmi og við teljum að það hafi ekki verið gert í þessari tillögu. Einnig teljum við frumvarp þetta geta alið á fordómum og væri mikil afturför.

Við lýsum okkur hér með reiðubúin til vinnu varðandi breytingar á lögnum sem taka mið af því sem hér hefur komið fram og við styðjum einnig að athugasemdir Páls Matthíassonar framkvæmdarstjóra geðsviðs LSH sem og Engilberts Sigurðssonar geðlæknis LSH. Verði athugasemdir þessar og annarra teknar til greina, teljum við góðan möguleika á að hægt verði að gera þannig breytingar á almennum hegningarlögum að tryggt sé að ekki sé verið að skerða mannréttindi borgaranna og ekki verið að gefa vald til aðila sem hæglega er hægt að misnota og skerða þannig þjónustu við hóp þeirra sem þurfa öryggisgæslu sem vel er staðið að.

Með vinsemd og virðingu;

Fh. Hugaraflls

---

Auður Axelsdóttir forstöðumaður

Geðheilsa-eftirfylgd og Hugarafll

Borgartún 22

105 Reykjavík